



Númer skjals:	FMS-EBL-029
Skjalalykill:	02.01 Fjárhagsáætlun
Útgáfa:	1
Útgáfudags.:	13.07.2018
Síðast rýnt / næst rýnt:	2018 / 2019
Ábyrgðarmaður:	Deildarstjóri áætlunar og greiningar

FMS-EBL-029 Jafnréttisskimun

Tilgangur jafnréttisskimmunar:

Með jafnréttisskimun er tekið saman með einföldum hætti mat á áhrifum tillögunnar/verkefnisins á jafnrétti kynjanna og/eða jaðarsetta hópa í samræmi við stefnu Reykjavíkurborgar um kynjaða fjárhags- og starfsáætlun. Jafnréttisskimunin styður við ákvarðanatöku stjórnenda og kjörinna fulltrúa og forgangsröðun um ráðstöfun fjármuna. Fáir tillagan áframhaldandi brautargengi, er gert ráð fyrir að hún fari í jafnréttismat hafi hún jafnréttisáhrif.

Upplýsingar um verkefnið/tillöguna:

Dagsetning:	4. júní 2021
Svið:	Velferðarsvið
Unnið af:	Dís Sigurgeirsdóttir/Randver Kári Randversson
Verkefni/tillaga:	Skipulagsbreytingar á velferðarsviði í samræmi við áherslur í velferðarstefnu
Þjónustubáttur:	Velferðarsvið
Stofnun/kostn.st.:	Margir kostnaðarstaðir
Fjárhæð:	Að mestu tilfærslur. Endanlegt kostnaðarmat liggur fyrir 1. október 2021.
Annað:	

Jafnréttisskimun:

Hver er tillagan og hvert er markmið hennar?

Lagt er til að velferðarráð samþykki eftirtaldar skipulagsbreytingar á velferðarsviði:

1. Sett verði á laggirnar rafræn þjónustumiðstöð sem taki til starfa 1. janúar 2022. Þjónustumiðstöðin annist móttöku allra umsókna sviðsins, símaráðgjöf og leiðbeiningar.
2. Þjónustusvæði velferðarsviðs verði fjögur. Núverandi þjónustumiðstöðvar í Grafarvogi og Kjalarnesi annar svegar og í Árbæ og Grafarholti hins vegar verði sameinaðar frá og með 1. janúar 2022.
3. Verkefnið Betri borg fyrir börn verði yfirfært á fjögur þjónustusvæði í samstarfi við skóla- og frístundasvið þar sem markmiðið er að bæta þjónustu við börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra í skóla- og frístundastarfi borgarinnar.
4. Hlutverk fagskrifstofa velferðarsviðs á sviðum málefna fatlaðs fólks, málefna aldraðra og á sviði ráðgjafar í félags- og fjölskyldumálum verði eftt með það að markmiði að auka gæðastýringu, samhæfingu í þjónustu og eftirlit með þjónustuveitingu.
5. Hlutverk skrifstofa sem veita stoðþjónustu á velferðarsviði verði eftt með það að markmiði að auka þjónustu við stjórnendur stofnana sviðsins. Sett verði á laggirnar sérhæfð teymi sem sinna veigamiklum málaflokkum þvert á velferðarsvið.
6. Sett verði á laggirnar sérhæfð teymi sem sinna veigamiklum málaflokkum þvert á velferðarsvið. Um er að ræða málaflokka á borð við húsnæðismál; ráðgjöf við börn og fjölskyldur á grundvelli lagafrumvarps um farsæld barna; þjónustu við erlenda íbúa, þ.m.t. teymi hælisleitenda og flóttafólks; málefni heimilisslauss fólks, þ.m.t. rekstur neyðarskýla og úrræði fyrir fólk í virkri neyslu; virkniúrræði og stuðningsþjónustu við börn og fullorðna. Teymin tryggi samræmingu í þjónustuveitingu og samvinnu milli sviða, stofnana og hagsmunaaðila sem koma að þjónustu við tiltekna hópa.
7. Skipurit þjónustumiðstöðva verði endurskoðuð með áherslu á samræmingu á milli hverfa og að þau endurspegli helstu áherslur velferðarstefnunnar, m.a. um aðgengileika og notendavæna þjónustu.

Markmið tillögunnar er að færa skipulag sviðsins í takt við áherslur í velferðarstefnu Reykjavíkurborgar í þeim tilgangi að skipulagið styðji á sem árangursríkastan hátt við markmið stefnunnar.

Hefur verið hugað að aðgerðum við undirbúning tillögunnar til þess að stuðla að jafnrétti? Ef já, lýsið.

Hvaða hópa snertir tillagan?
Alla þjónustunotendur velferðarsviðs jafnt og starfsfólk velferðarsviðs á þjónustumiðstöðvum, þjónustueiningum og skrifstofu velferðarsviðs.
Hvernig hefur tillagan áhrif á stöðu kynjanna og jaðarsetta hópa? Rökstyðjið.
Aðgerðirnar ná jafnt til allra kynja.
Er talin vera þörf á jafnréttismati á tillögunni?¹
Nei, ekki talin þörf á jafnréttismati þar aðallega verður um tilfærslu starfsfólks að ræða.

¹ Jafnréttismat felur í sér ítarlega kortlagningu á stöðu kynjanna og jaðarsettra hópa á viðkomandi sviði og greiningu á því hvernig tillagan getur aukið jafnrétti og/eða tryggt réttindi þeirra. Jafnréttismat tekur mið af mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla nr. 10 frá 2008 og Evrópusáttmála um jafna stöðu kvenna og karla í sveitarfélögum og héruðum samþykktum í borgarstjórn 20. október 2009.